



Aukaþing Bandalags íslenskra græðara 2007

Haldið í Sal iðnaðarmanna, Skipholti 70 Reykjavík, 30. maí 2007, kl. 18:00.

Dagskrá þings:

- 1) Ræða formanns.
- 2) Minnisblöð Daggar Pálsdóttur v/skráningarkerfis.
- 3) Skráningargjald í skráningarkerfi græðara.
- 4) Umræður um þessi mál og atkvæðagreiðsla.
- 5) Önnur mál.

Þingforseti: Ragnheiður Guðnadóttir

Þingritarar: Linda Sveinbjörnsdóttir, ATFÍ og Laufey Sigurðardóttir, FÍHN

Þingið hófst á því að þingforseti, Ragnheiður Guðnadóttir, setti þingið sem boðað var til á lögmætan hátt og kynnti dagskrána. Ragnheiður bað ennfremur þá þingmenn sem bæðu um orðið að kynna sig jafnóðum.

- 1) Fyrstur á mælendaskrá var formaður BIG, Anna Birna Ragnarsdóttir og fylgir ræða hennar í heild sinni þessari fundargerð.
- 2) Ásta Agnarsdóttir las minnisblöð Daggar Pálsdóttur.
(Tók ekki niður punkta þar sem að ljósritum af minnisblöðum var dreift til allra – láta fylgja með fundargerð??)
- 3) Ragnheiður Júlíusdóttir, SMFÍ, bar kveðju frá Sigrúnu Sól og las greinargerð frá SMFÍ sem varðaði tillögu að skráningarkerfi græðara og var dagsett 26. febrúar 2007. Í greinargerð SMFÍ var lagt til að þjónustugjald yrði kr. 1500 fyrir félagsmenn í BIG og kr. 5000 í frumskráningargjald. Einnig var lagt til að árgald aðildarfélaga til BIG yrði hækkað úr kr. 1500 í kr 2000.

Ragnheiður Guðnadóttir tók fram að það væri ekki á valdi aukaþings að ákvarða breytingar á árgjaldi heldur yrði sú ákvörðun að bíða aðalþings.

Næst tók til máls Selma Júlíusdóttir, formaður ATFÍ. Hún játaði á sig að hafa stoppað skráningarkerfið af í ráðuneytinu og lýsti jafnframt yfir tortryggni á það að BIG gæti lagt gjöld á félagsmenn sem ekki hefðu verið einróma samþykkt á þingi. Selma las upp greinargerð sem einnig var dreift meðal þingmanna. Hún lýsti yfir stuðningi við það sem fram kom í minnisblaði Daggar Pálsdóttur, að farið væri vel yfir alla liði skráningarkerfisins til að formenn aðildarfélaga fengju ekki gagnrýni á sig fyrir slæg vinnubrögð. Skráningar- og þjónustugjald mætti ekki vera tekjustöð fyrir BIG heldur einungis þannig að skráningarkerfið yrði sjálfbært. Í máli Selmu kom fram að græðarar eru ekki löggilt stétt heldur viðurkennd stétt. BIG á að koma með tillögu að gjaldi sem að heilbrigðisráðuneyti þarf að samþykkja. BIG er umsjónaraðili skráningarkerfis en ekki valdhafi kerfisins að álitu Selmu og þannig getur Landlæknir og heilbrigðisráðuneyti gripið inni ef eitthvað kemur upp á.

Selma samþykkir að það sé mikil vinna að koma þessu kerfi af stað en ekki að það geti verið svona mikil vinna að viðhalda því. Hún minnti á einnar milljón króna styrk sem heilbrigðisráðuneytið veitti BIG til að koma á fót skráningarkerfinu, síðan kæmi eitthvað frumskráningargjald frá félagsmönnum og að það ætti að nægja. Hún

minntist líka á að skráningarskírteini yrði viðurkennt af landlækni og heilbrigðisráðuneyti og með BIG sem umsjónaraðila.

Selma lýsir sig samþykka því að hærra gjald verði fyrir utanfélagsmenn þar sem að BIG taki alla vinnu á sig varðandi skráningu (viðkomandi fagfélag hefur unnið fyrir sína félagsmenn). Henni finnst ekki að BIG eigi að vera “lögga” sem sé í eftirlitshlutverki hjá hverjum og einum. Selma telur ekki að fram sé komin nægilega skýr kostnaðaráætlun varðandi uppsetningu á skráningarkerfi, að minnsta kosti geti hún ekki séð hvaða mikli kostnaður það er fyrir BIG að viðhalda kerfinu þar sem að það sé Tryggingarfélagið (Vörður) sem sendir inn lista árlega yfir þá sem eru tryggðir og eins sé það verk viðkomandi fagfélags að fylgjast með sínu fólki og tilkynna BIG ef einhverjar breytingar eru. Selma bað um að formenn aðildarfélaga fengju tíma til að annars vegar fara vel ofan í þessi mál og hins vegar að kynna sínum félagsmönnum vel áður en frekari ákvörðun verður tekin um gjaldtöku.

Selma tók fram að hún hefði talað við Valdimar Johnsen hjá Tryggingarfélaginu Verði og að hann hefði tjáð sér að ekki væri búið að ganga frá tryggingum fyrir félagsmenn BIG – Anna Birna segir það ekki rétt.

Guðrún (Guðný ?) spyr: Hver er árlegur kostnaður við skráningu?

Anna Birna svarar að það sé kostnaður við tölvubúnað, kerfið sjálft, póstkostnaður vegna áminningarbréfa, árleg útsending skírteina til skráðra græðara, vinna við að breyta upplýsingum o.fl. slíkt.

Anna Birna vildi koma því á framfæri varðandi tillögu SMFÍ á hækkun árgjalda frá aðildarfélögum að hún sæi ekki ástæðu til þeirrar hækkunar, og síst vegna skráningarkerfis því að öll þau gjöld sem inn kæmu vegna skráningarkerfis yrðu aðskilin frá öðrum rekstri BIG, þ.e.a.s. að skráningar og þjónustugjöld yrðu aðeins notuð til uppsetningar og viðhalds skráningarkerfis.

Ekki væri réttlátt að allir félagsmenn BIG myndu borga hærra árgjald og að það yrði notað í skráningarkerfið þar sem að ekki allir félagsmenn myndu skrá sig í kerfið.

Ólafur kom með fyrirspurn varðandi skírteini. Af hverju þyrfti að gera skírteini árlega? Nóg væri að fá eina viðurkenningu frá BIG í upphafi skráningar. Hann er ekki sammála um að það þurfi að vera mikil vinna í kringum viðhald kerfisins.

Laufey Sigurðard. nefndi að það þyrfti að vera sjóður til rekstrar skráningarkerfis þar sem ekki má nota peninga úr félagsgjaldasjóði.

Selma spurði hvort að það þyrfti virkilega 2 tölvur og 2 síma (eða sér félag) utan um skr.kerfið.

Lilja Oddsd. vildi að fram kæmi að það væri alltaf kostnaður við svona kerfi, t.d. tölvubúnað sem að úreldist. Það þurfi að fá fagmann til að gera úttekt á hvað það kostar að stofna og reka svona kerfi.

Ólafur kom með þá tillögu varðandi viðhald kerfis að breytingar kæmu inn á borð til BIG tvisvar til fjórum sinnum á ári (á ákveðnum dagsetn.) þannig að vinna væri ekki að dreifast yfir árið. Hann leggur til að skráningarkerfið verði endurskoðað.

Dagný (Organon): Hefur setið í nefnd með Önnu Birnu, sem starfaði að undirbúning kerfisins. Hún byrjaði á því að lýsa yfir vonbrigðum sínum með viðbrögð Selmu og vantraust hennar á formanni BIG. Anna Birna væri búin að vinna vel að þessum málum og miklu meira en fólk gerði sér grein fyrir.

Dagný vildi að fólk gerði sér grein fyrir að þetta væru ekki stórar upphæðir sem væri verið að ræða um. Það þyrfti að greiða fólki laun fyrir að vinna við skráningarkerfið, en ekki endalaust vera fastur í sjálfboðavinnu hugsuninni.

Dagný finnst vera orðið vont andrúmsloftið í stjórn BIG og er hissa á að Selma hafi fundið sig knúna til að “yfirheyra” tryggingarfulltrúann um eitthvað sem búið væri að bera á borð fyrir stjórnina og eins að “yfirheyra” Dögg um hvort allt væri rétt sem hún setti fram í minnisblöðum sínum.

Dagný finnst að það þurfi að koma fram frá hverju félagi vilji um skráningarkerfið, hvort að við viljum borga í það og hvort að það eigi að vera árlega eða hvernig.

Guðbjörg Hafsteinsdóttir: Styður tillögu Ólafs um að sett verði gjald t.d. kr. 5000 í byrjun og sjá svo hversu margir skrá sig og hversu mikla vinnu þarf til að halda utan um kerfið og ákvarða svo framhaldið á öðru þingi t.d. eftir 1 ár.

Þingmenn samþykkja að eftir hlé komi fram ályktun frá formanni hvers aðildafélags hvort samþykkt sé að halda áfram vinnu við undirbúning skráningarkerfis og gerð tillaga að gjaldskrá.

Hlé gert á þingi kl. 20:00 – 20:15

Fyrst tók til máls eftir hlé, Guðrún Jónína fyrir hönd FÍN.

- 1) Þeir sem fara í skráningargjald beri kostnaðinn og að sér sjóður sé utan um kerfið.
- 2) Að skráningargjald verði kr. 5000 og þjónustu/viðhaldsgjald verði kr. 2500 árlega. Ófært að BIG þurfi að sækja um breytingar á gjaldskrá til heilb.ráðuneytis árlega.
- 3) Það er ljóst að það þarf að greiða eitthvað gjald til viðhalds kerfisins.
- 4) Alveg úrelt að fólk sé í sjálfboðavinnu. Sjálfsagt að greiða fólki fyrir vinnu við að uppfæra og viðhalda skr.kerfi.

Dagný f.h. Organon.

- 1) Skráningargjald verði kr. 5000 og 2500 kr. gjald fyrir aukafag.
- 2) Þjónustu/viðhaldsgjald verði **allt að** kr. 2500, því að ef margir skrá sig í kerfið þá gæti farið svo að peningar myndu safnast upp. Hægt væri þá að gefa frítt árgjald eitthvað árið ef sú staða kæmi upp.
- 3) Organon mun ekki sækjast eftir löggildingu.

Árni f.h. CSFÍ

- 1) Vilja sjá kostnaðarmat að baki þessum tölum sem komið hafa fram, annars vegar kr. 5000 sem skráningargjaldi og kr. 2500 þjónustugjald.
Anna Birna svaraði því strax til að Sigrún Sól hefði á sínum tíma látið gera kostnaðar-áætlun sem hefði aðeins náð yfir vinnu við uppsetningu á tölvukerfinu og sú áætlun hefði hljóðað upp á 4 milljónir. Anna Birna væri

svo búin að láta gera aðra áætlun sem næði yfir uppsetningu á kerfi, tækjakaup og starfsmanni í hálfu starfi og að sú áætlun hljóði upp á sömu upphæð eða 4 milljónir.

- 2) Samþykk upphafsskráningargjaldi. Ekki hlynnt því að send verði út skírteini árlega.

Ásta Agnarsdóttir f.h. SSOVÍ

Þau eru sammála að frumskráningargjald væri kr. 5000 og styðja tillögu Dagnýjar um að þjónustugjald verði allt að kr. 2500.

Heiða Björg f.h. Shiatsufélagsins:

Tók fram að það væru nú mjög fáir félagsmenn í Shiatsufélaginu. Þau styðja skráningarkerfið, að frumskráningargjald verði kr. 5000 og styðja tillögu Dagnýjar um að þjónustugjald verði allt að kr. 2500 og svo endurskoðað.

Lilja Oddsdóttir f.h. Fél. Lithimnufræðinga:

Þau eru sammála því sem komið hefur fram hjá öðrum, frumskráningargjald verði kr. 5000 og að þjónustugjald verði eitthvað lægra. Lilja lýsti jafnframt yfir fullu trausti á formann BÍG, Önnu Birnu Ragnarsdóttur.

Selma Júlíusdóttir f.h. ATFÍ:

Samþykkt að skráningargjald verði kr. 5000 en að ákvörðun þjónustugjalds þurfi að skoða betur og vísaði í orð Árna hér að framan.

SMFÍ – vísuðu í áður lesna greinargerð sína.

Ragnheiður Guðnadóttir f.h. Cranio:

Lýsa yfir stuðningi við skráningarkerfið. Varðandi gjaldtöku: það veit enginn hvað þetta kostar þegar upp er staðið. Það er ljóst að stofnkostnaður er mikill en það er þegar komin einnar milljón krónu styrkur til að byrja með. Kr. 5000 í frumskráningargjald sé góð viðmiðunartala. Endurskoða þurfi gjaldskrá eftir 1 – 2 ár þegar reynsla verði komin á kerfið. Spurning hvort að þingið eða stjórnin tekur að sér að skoða málin og ákveða.

Tók fram í lokin að Cranio hefur aldrei og mun ekki sækjast eftir löggildingu.

Þingforseti tók fram að ekki væri búið að fá tillögur skriflega fram nema frá SMFÍ og því þyrfti að setja þær fram skriflega og skipulega.

Ólafur bað um orðið og sagði skynsamlegt að hafa frumskráningargjald kr. 5000 og kr. 1500 fyrir aukafag fyrir aðildarfélag BÍG en kr. 10.000 í frumskráningargjald og kr. 5000 fyrir aukafag fyrir utanfélagsmenn. Þjónustugjald verði allt að kr. 2500 og Ólafur lagði einnig til að þjónustugjald yrði vísitölutryggt.

Árni spyr: Af hverju ekki að hafa jafnvel enn hærra gjald fyrir þá sem standa utan félags þannig að félagsaðild yrði skynsamur kostur?

Anna Birna svarar að BÍG þurfi að samþykkja hvern og einn sem sækir um aðild að kerfinu hvort sem að hann er í fagfélagi eða ekki og þarf að hafa eftirlit með þeim líka. Þyki áður fram komnar tölur skynsamlegar.

Anna Birna vildi að fram kæmi að þingið þyrfti að koma með samngjarna tillögu að gjaldskrá sem hægt væri að koma með skynsamleg rök fyrir og síðan væri hægt að leggja þá tillögu fyrir heilbrigðisráðuneytið til samþykktar.

Ragnheiður Guðna lagði til að fram kæmi í tillögu að gjöld yrðu endurskoðuð.

Árni : Kostnaðarmat þyrfti að gera árlega til að fylgjast með og að staða sjóðs í kringum skráningarkerfið lægi fyrir árlega svo félagsmenn gætu fylgst með.

Ragnheiður G: leggur til að drög Daggar Pálsd. verði höfð til hliðsjónar við gerð tillögu að gjaldskrár, tillagan verði gerð og samþykkt á þessu þingi, send stjórnarmönnum með góðum fyrirvara til kynningar og síðan rædd og atkvæði greidd á næsta þingi.

Farið var yfir gjaldskrár drög Daggar Pálsdóttur og tillaga gerð. (sjá fylgiskjal x)

Ólafur vildi koma athugasemd að: hvenær fellur félagsaðild eða skráning niður ef gjald er ekki greitt. Þetta þarf að athuga.

Árni/Anna Birna: Viðvörðun verður send til viðkomandi með ákveðnum fyrirvara. Umræða um hvort vísitölubinda skuldi gjöldin, Árni telur að við missum stjórn á gjöldunum ef allt er vísitölubundið. Dagný studdi það og lagði til að vísitölubindingu yrði alfarið sleppt.

Ragnheiður Guðna lagði til að í gjaldskrá yrði sett að hún skyldi endurskoðuð árlega. Hún spurði einnig fulltrúa SMFÍ hvort þeir væru ánægðir með úrvinnslu á tillögu þeirra. Þeir voru sáttir.

Tillaga að gjaldskrá gerð, allir þingmenn sáttir við þá tillögu og hún samþykkt.

Þingforseti tilkynnti síðan að stjórn BÍG væri hér með heimilað að fara með þessa tillögu að gjaldskrá til Heilbrigðisráðherra og vinna að málinu áfram með heilbr.ráðuneyti.

Anna Birna þakkaði síðan þingi fyrir vel unnin störf.

Þingforseti þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf og sagði þingi slitið kl. 21:15.

Fylgiskjöl:

Ræða formanns, Önnu Birnu Ragnarsdóttur

Minnisblað Daggar Pálsdóttur

Tillaga að gjaldskrá, samþykkt á aukapingi 26. febrúar 2007.

Linda Sveinbjörnsdóttir
þingritari

Staðfest: Anna Birna Ragnarsdóttir
formaður

Þingið sátu:

Frá Aromatherapyfélagi Íslands, ATFÍ:

- Guðrún Ragnarsdóttir
- Linda Sveinbjörnsdóttir
- Selma Júlíusdóttir

Frá Cranio, félagi höfuðbeina- og spjaldhryggssjafnara:

- Halla Matthildur Eiríksdóttir
- Hanna Sigurðardóttir
- Jóhanna Ragnarsdóttir
- Ragnheiður Guðnadóttir

Frá Craniosacralfélagi Íslands, CSFÍ:

- Árni Pálmason
- Hanna Sigríður Jósafatsdóttir
- Ólafur Þór Jónsson
- Sólveig Höskuldsdóttir
- Guðbjörg Hafsteinsdóttir

Frá Félagi íslenskra heilsunuddara, FÍHN:

- Guðbrandur Einarsson
- Harpa Stefánsdóttir
- Guðrún Jónína Sveinsdóttir
- Laufey Sigurðardóttir
- Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir

Frá Félagi lithimnufræðinga, FL:

- Lilja Oddsdóttir
- Rannveig Björnsdóttir

Frá Organon, fagfélagi hómópata:

- Anna Birna Ragnarsdóttir
- Bylgja Matthíasdóttir
- Dagný Elsa Einarisdóttir

Frá Shiatsufélagi Íslands, SFÍ:

- Heiða Björk Tómasdóttir
- Soffía Lára Karlsdóttir

Frá Sambandi svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi, SSOVÍ:

- Ásta M. Agnarsdóttir
- Arnhildur Sesselja Magnúsdóttir
- Svava Hlíð Svavarsdóttir

Frá Svæðameðferðarfélagi Íslands, SMFÍ:

- Katrín Ingibergsdóttir
- Ragnheiður Júlíusdóttir